

Landsnet hf.  
Gylfaflöt 9  
112 Reykjavík

Reykjavík, 27. janúar 2021  
Tilvísun: OS2019090013/10.4  
Verknúmer: 4353320

### **Efni: Ákvörðun Orkustofnunar vegna kvörtunar ADC ehf.**

Orkustofnun barst kvörtun frá ADC ehf., með tölvupósti þann 7. febrúar 2019 þar sem kvartað er undan innheimtu HS Veitna ehf. á flutnings- og jöfnunargjaldi, einkum á tímabilinu mars 2015 – 1. janúar 2016. Kvartað er yfir því að ADC ehf. fái ekki notið kjara samkvæmt stórnotendagjaldskrá.

Kvartandi krefst þess að Orkustofnun taki til skoðunar hvort kröfur HS Veitna hf. um endurgjald vegna dreifingar og flutnings orku til gagnaversins að Fitum í Reykjanesbæ frá samningsgerð aðila árið 2014 samræmist þeim lögum og reglum sem gilda um starfsemi dreifiveitunnar og þá skilmála sem henni er gert að starfa eftir. Ef gjaldskrá HS Veitna og gjaldtaka samræmist ekki framangreindum réttarheimildum er þess krafist að Orkustofnun krefji HS Veitur hf. um viðeigandi úrbætur, sbr. 26. gr. raforkulaga nr. 65/2003 (hér eftir raforkulög), þ.m.t. um endurútreikning á flutnings- og jöfnunargjöldum kvartanda og endurgreiðslu oftekinna gjalda.

Einnig fer kvartandi fram á að Orkustofnun taki til skoðunar gjaldtöku Landsnets hf. fyrir flutning á orku til afhendingar til kvartanda og úrbóta krafist þannig að HS Veitur hf. geti endurgreitt kvartanda oftekin gjöld.

Kvartandi fer jafnframt fram á að Orkustofnun taki afstöðu til þess með hvaða hætti Landsnet krafði HS Veitur hf. um gjald fyrir flutning á orku til afhendingar til kvartanda og krefjist viðeigandi úrbóta verði í ljós leitt að gjald hafi verið tekið af HS Veitum samkvæmt dreifiveitugjaldskrá á þeim tíma sem innheimta skyldi gjald samkvæmt stórnotendagjaldskrá, þannig að HS Veitur geti endurgreitt kvartanda oftekin gjöld.

### **Málsatvik**

Forsöguna má rekja til þess að Advania hf., kt. 590269-7199 óskaði eftir stórnotendatengingu við Landsnet árið 2014 vegna nýs gagnavers í nágrenni aðveitustöðvar á Fitjum, Reykjanesbæ. Vegna tæknilegra takmarkamana fengust þær upplýsingar hjá Landsneti að fyrirtækið þyrfti 19 mánuði til að koma á slíkri tengingu. Í kjölfarið gerði Advania hf. samning við HS Veitur hf., um raforkudreifingu og tengingu gagnaversins þann 30. maí 2014. Þann 6. júlí 2016 samdi félagið síðan við Landsnet um raforkuflutning og var þá miðað við að um gjaldtöku færi eftir stórnotendagjaldskrá frá 1. janúar sama ár.

Í kvörtun kemur fram að með viðauka, dags. 29. september 2017, tók ADC ehf., kt. 410215-1160, yfir öll réttindi og skyldur Advania hf. sem kaupanda samkvæmt samningnum. Með samningnum var samið um greiðslu kvartanda fyrir dreifingu og flutning orku til fyrirhugaðs gagnavers hans að Fitum í Reykjanesbæ. Þá var jafnframt gert ráð fyrir að HS Veitur hf. myndu vinna að samkomulagi við

Landsnet hf. um að stórnotendagjaldskrá Landsnets hf. myndi gilda um notkun kvartanda, en í ljós hafði komið að Landsnet hf. gat ekki tengt gagnaver kvartanda þeim tengivirkjum sem komu til greina á æskilegri spennu fyrr en um 19 mánuðum síðar eða í ársbyrjun 2016 eins og fram hefur komið. Fyrirvari var settur í samninginn af hálfu kvartanda um leiðréttingu á gjaldtöku vegna raforkuafhendingar, en það var mat kvartanda að hann hafi uppfyllt öll skilyrði til þess að teljast stórnotandi þegar í maí 2014 og hefði þá átt að njóta kjara samkvæmt stórnotendagjaldskrá. Engar leiðréttingar voru gerðar vegna áraanna 2014 og 2015.

Beindi kvartandi kvörtun til Orkustofnunar og fór fram á það við stofnunina að hún tæki ákvörðun um að Landsneti hf. bæri að miða gildi samnings aðila við það tímamark á árinu 2014, sem kvartandi taldist hafa uppfyllt skilyrði laga til að teljast stórnotandi, í stað þess að miða gildistöku hans við 1. janúar 2016.

Tók Orkustofnun ákvörðun þann 18. maí 2018 þar sem segir að Landsneti hafi verið óheimilt að semja við kvartanda um að veita honum kjör samkvæmt stórnotendagjaldskrá á því tímabili sem ekki hafi samningur komist á milli kvartanda og Landsnets, þar sem ekki hafi verið hægt að líta á kæranda sem viðskiptavin flutningsfyrirtækisins í skilningi 2. gr. 8. gr. raforkulaga nr. 5/2003. Kærandi hafi ekki getað talist viðskiptavinur landsnets fyrr en samningur um slíkt hafi komist á

Ákvörðun Orkustofnunar var kærð til úrskurðarnefndar raforkumála sem hafnaði kröfum kvartanda og staðfesti ákvörðun Orkustofnunar með úrskurði í málinu nr. 4/2018 þann 30. nóvember 2019.

Athugasemdir Orkustofnunar sem fram komu í andælum stofnunarinnar við kæru kvartanda til úrskurðarnefndarinnar vöktu athygli kvartanda. Í athugasemdunum segir að Landsnet hafi í mars 2015 gert breytingar á netmála B9, en í þeim netmála hafi verið gert ráð fyrir því að stórnotendur gætu tengst raforkukerfinu um dreifiveitu. Í grein 5.4. í netmála B9 komi þannig fram að: „stórnotandi greiði fyrir afhendingu rafmagns samkvæmt gjaldskrá viðkomandi dreifiveitu. Dreifiveita greiði fyrir raforkuflutning vegna stórnotandans samkvæmt gjaldskrá Landsnets fyrir stórnotendur. Með því fyrirkomulagi sé gert ráð fyrir því að dreifiveita setji gjaldskrá fyrir stórnotendur og innheimti samkvæmt þeirri gjaldskrá enda fái hún hagstæðari gjaldskrá frá flutningsfyrirtækinu vegna netmála B9.

Þannig gerði Orkustofnun ráð fyrir því að HS Veitur hf. hefðu brugðist við þeirri breytingu og breytt gjaldsskrá sinni til samræmis við netmála B9 á þá leið að kvartandi hefði notið lægra verðs fyrir flutning á raforku frá 1. mars 2015 þegar netmálinn tók gildi.

Nánar beinist kvörtunin að innheimtu HS Veitna hf. á flutnings – og jöfnunargjaldi á tímabilinu mars 2015 – 1. janúar 2016. Kvartandi kannast ekki við að neinar breytingar hafi verið gerðar á gjaldskrá HS Veitna hf. við gildistöku netmála B9 í mars 2015 þannig að félagið hafi frá þeim tíma notið lægra verðs fyrir flutning á raforku. Af reikningum HS Veitna til kvartanda megi ekki greina neinar breytingar á gjaldtökunni á árinu 2015 og því hafi verið innheimt dreifingar-, flutnings- og jöfnunargjald af kvartanda áfram þrátt fyrir að hann hafi með réttu átt að njóta kjara sem stórnotandi í viðskiptum við dreifveituna frá gildistöku netmálans.

Kvartandi telur einnig að HS Veitur hafi frá upphafi samningsgerðar borið að haga gjaldtöku af kvartanda til samræmis við þá staðreynd að kvartandi uppfyllti þegar á árinu 2014 skilyrði til þess að teljast stórnotandi í skilningi orkulaga.

Þar að auki telur kvartandi nauðsynlegt að upplýst verði um hvort Landsnet hafi krafðið HS Veitur um gjald samkvæmt dreifiveitugjaldskrá eða stórnotendagjaldskrá vegna flutnings á orku til afhendingar til kvartanda. Hafi Landsnet krafðið HS Veitur um flutningsgjald samkvæmt dreifiveitugjaldskrá á því tímabili sem kvartandi uppfyllti lagaskilyrði til að teljast stórnotandi er nauðsynlegt að endurgreitt verði oftekin gjöld.

### Málsmeðferð Orkustofnun (sjónarmið aðila)

Orkustofnun sendi innkomna kvörtun ADC ehf. til HS Veitna hf. með tölvupósti þann 19. september 2019 og gaf HS Veitum kost á að koma á framfæri athugasemdum félagsins um kvörtunina. Orkustofnun óskaði sérstaklega eftir upplýsingum um hvort:

1. HS Veitur hafi greitt Landseti í samræmi við stórnotendagjaldskrá Landsnets vegna þessa tiltekna viðskiptavinar á tímabilinu 1. mars 2015 – 1. júlí 2016 í samræmi við grein 5.4. í netmála B9, þar sem segir að: „dreifiveita greiðir fyrir raforkuflutning vegna stórnotandans samkvæmt gjaldskrá Landsnets fyrir stórnotendur.“
2. Hvort það sé rétt eins og fram komi í erindi ADC ehf. að að fyrirtækið hafi ekki notið lægri kjara fyrir flutning á raforku eftir gildistöku netmála B9 og hvaða sjónarmið lægju þar að baki?

*Svarbréf HS Veitna, dags. 17. október 2019*

Orkustofnun barst svar frá HS Veitum hf. þann 17. október 2019. Í svari HS Veitna hf. kemur fram að þann 30. maí 2014 hafi verið undirritaður samningur um orkuafhendingu milli HS Veitna og Advania hf. en ADC ehf. yfirtók síðar hlutverk Advania hf. Kom m.a. eftirfarandi fram í svarbréfi fyrirtækisins:

„Í þessum samningi var eftirfarandi grein IV. að finna:

#### *IV. Stórnotendagjaldskrá Landsnets*

*Seljandi vinnur að samkomulagi við Landsnet um að þegar ákveðnu lágmarki er náð þá skuli stórnotendagjaldskrá Landsnets gilda fyrir notkun viðkomandi viðskiptavinar. Náist samkomulag við Landsnet til samræmis við það markmið seljanda að stórnotendagjaldskrá Landsnets skuli gilda fyrir viðskiptavini sem nota a.m.k (80 GWst) mun seljandi fá afslátt sem mun endurspeglast í lækkun gjaldskrár til kaupanda. Það mun leiða til lækkunar (á orkugjaldi) samkvæmt gjaldskrá seljanda um u.þ.b. 20 aura miðað við núverandi gjaldskrá og gengi. Framangreind lækkun er þó alfarið háð því að seljandi nái samkomulagi við Landsnet til samræmis við framangreind markmið og núverandi forsendur hjá seljanda. Náist ekki samkomulag við Landsnet um að stórnotendagjaldskrá Landsnets gildi þegar framangreindri lágmarksnotkun er náð mun gjaldskrá seljanda því ekki lækka vegna þessa.“*

Í erindi HS Veitna kemur jafnframt fram að í framhaldi af þessari samningsgerð voru hafnar viðræður við Landsnet til að reyna að tryggja að flutningur til ADC yrði samkvæmt stórnotendagjaldskrá með sama hætti og hjá gagnaveri Verne. HS Veitur benda einnig á að forsenda þess að fyrirtækið geti innheimt flutningsgjald samkvæmt stórnotendagjaldskrá er að flutningur vegna viðkomandi aðila sé tekinn út úr almennri innmötun HS Veitna og innheimt með öðrum hætti eða beint hjá viðskiptavini. Landsnet hafi frá maí 2014 og fram á mitt ár 2016 ekki meðhöndlað flutning til HS Veitna hf. til ADC ehf. með sérstökum hætti og gerði það HS Veitum ómögulegt að breyta innheimtu flutningsgjalda hjá ADC ehf.

Þá er það afstaða HS Veitna hf. að Landsnet hafi neitað að meðhöndla flutning vegna ADC ehf. sérstaklega sem leiddi til þess að HS Veitur gátu ekki meðhöndlað dreifingu til ADC ehf. sérstaklega og lækkað gjaldskrá sína í samræmi við gr. 5.4. í netmála B9.

Þessu er nánar lýst í erindi HS Veitna:

„Eins og áður sagði hófust viðræður við Landsnet strax eftir sammingsgerð og var síðan m.a. fundað með ráðuneytinu um málið. Fljótlega kom upp hjá Landsneti (og ráðuneytinu) að hugsanlega væri unnt að leysa það með nýjum netmála (B9) og varð hann til um áramót 2014/2015. Alltaf var þó eitthvað í veginum hjá Landsneti m.a. kom upp að þeir vildu innheimta sérstakt afhendingargjald af HS Veitum vegna notkunar ADC. Því máli var vísað til OS sem staðfesti að ekki væri heimild til slíks. Í framhaldinu kom upp ágreiningur milli ADC og Landsnets.“

Að mati HS Veitna hf. var því ekki vilji til að meðhöndla flutning til ADC ehf. með öðrum hætti en að um almennan flutning til svæðisins frá miðju ári 2014 og fram á mitt ár 2016. HS Veitum hf. var því ómögulegt að breyta innheimtu flutningsgjalda hjá ADC ehf. þrátt fyrir að netmáli B9 hafi tekið gildi. Um mitt ár 2016 náðu Landsnet og ADC ehf. samkomulagi um að Landsnet myndi innheimta flutninginn beint hjá fyrirtækinu og draga notkunina þá út úr almennri innmötun til HS Veitna. Fyrirkomulagið á innheimtu Landsnets hafi tekið til ársbyrjunar 2016 og í ljósi þess samkomulags bakfærðu HS Veitur hf. alla reikninga sem gerðir höfðu verið fyrir flutning árið 2016 og endurgreiddu ADC ehf.

Þannig greiddi HS Veitur hf. Landsneti fyrir flutning vegna ADC ehf. samkvæmt almennri gjaldskrá Landsnets til dreifiveitna á árunum 2014 – 2015, því Landsnet hafnaði sérstakri meðhöndlun flutnings orku til ADC ehf. Þar sem þessi staða var uppi gátu HS Veitur hf. ekki boðið ADC ehf. upp á lægri kjör fyrir flutning á raforku eftir gildistöku netmála B9.

Í erindinu er síðan vikið að þeirri afstöðu HS Veitna hf. að málið snúi í raun að Landsneti en ekki HS Veitum. Þrátt fyrir að viðskiptin hafi vissulega verið milli HS Veitna og ADC ehf. á þessu tímabili og Landsnet ekki beinn aðili þar að þá voru bæði ADC ehf. og HS Veitur hf. að leitast eftir því að beint viðskiptasamband kæmist á milli ADC ehf. og Landsnets hf. Landsnet hf. hefði hins vegar tafið málið allt fram á mitt ár 2016.

*Svarbréf HS Veitna hf. dags. 20. febrúar 2020.*

Með vísan til erindis HS Veitna hf. til Orkustofnunar sem barst 17. október 2019., óskaði stofnunin eftir frekari upplýsingum um gjaldskrár og gjaldtöku HS Veitna hf. vegna Advania hf. sem síðar varð ADC ehf. Einnig óskaði stofnunin eftir upplýsingum um bakfærslu flutnings raforku árið 2016, sem dreifiveitan framkvæmdi og nefndi í erindi sínu dags. 17. október 2019. Óskaði stofnunin jafnframt eftir því að HS Veitur skiluðu til stofnunarinnar sundurliðuðum mánaðarlegum gögnum um bæði gjaldtöku og bakfærslu vegna ADC ehf.

Svarbréf HS Veitna hf. barst stofnuninni dags. 20. febrúar 2020. Í erindinu kemur fram það mat HS Veitna að efnislega sé kvörtun ADC hf. eingöngu tilkomin vegna þess að Landsnet hafnaði því að sérmæla notkun ADC í uppgjörum til HS Veitna og innheimta þá flutningsgjöld samkvæmt stórnotendataxta. Segir í erindinu að HS Veitur hafi þar af leiðandi ekki getað annað en innheimt flutningsgjöld af ADC í samræmi við þau flutningsgjöld sem Landsnet innheimti af HS Veitum sem var samkvæmt dreifiveitutaxta.

Í svarbréfinu kemur jafnframt fram að samið hafi verið árið 2014 um afhendingu á allt að 8.6 MW sem afhent væru á 0,4 KV en síðar sama ár var magnið aukið í 15 MW. Með samkomulagi árið 2016 keypti ADC hf. á kostnaðarverði þann búnað sem nýttur var til niðurspenningar úr 11 kV í 0,4 og var taxtanum breytt í samræmi við það. Á árinu 2017 var nýtt samkomulag gert þar sem samið var um afhendingu á allt að 23 MW á 11kV og 40 MW á 33kV. Til þess að HS Veitur hf. gætu afhent raforku á 33kV þurfti að ráðast í verulegar fjárfestingar og greiddi ADC því 600 milljónir króna sem fyrirframgreiðslu á hluta notkunargjalda. Síðar á árinu 2017 var magnið á fluttri raforku á 33kV spennu aukið í 60 MW og fyrirframgreiðslan jókst um 300 milljónir króna. ADC hf. greiddi þar með talið 900 milljónir króna í fyrirframgreiðslur sem verða tekjufærðar á 13 árum miðað við hámarksnotkun án tillits til raunnotkunar, svo kallað „take or pay“ ákvæði.

Í erindi HS Veitna kemur þar að auki fram að fyrirtækið hafi sett sérstakan gjaldskrárlíð, BD6, til þess að koma til móts við þá miklu raforkunotkun sem um var að ræða hjá ADC hf., þar sem hefðbundnir afltaxtar ættu ekki við. Í þeim gjaldskrárlíð var gert ráð fyrir því að sá kostnaður sem HS Veitur réðust í skilaði sér til baka á samningstímanum.

Netmáli B9 hafi aldrei komið til framkvæmda en hugsunin að baki hans var til hliðsjónar við ákvörðun taxtanna. Landsnet og ADC ehf. náðu síðan um mitt ár 2016 samkomulagi um flutning raforku fyrir ADC ehf. Í því samkomulagi var ákveðið að það gildi frá 1. janúar 2016 og frá þeim tíma var raforkuflutningur dreginn frá í mánaðarlegum reikningum Landsnets til HS Veitna. ADC greiðir ekki lengur samkvæmt birtri gjaldskrá HS Veitna en greiðir gjald fyrir niðurspenningu og rekstur sértækra mannvirkja. Þannig er greitt fyrir tvær veitur á mismunandi spennustigi. Greiðir önnur veitan fyrir 11 kV niðurspenningu og greiðir fasta-, afl- og orkugjöld en hin veitan greiðir fyrir 33 kV niðurspenningu og greiðir fasta-, afl- og orkugjald ásamt föstu gjaldi vegna fjárfestingarinnar í tengslum við „take or pay“ ákvæðið.

Meðfylgjandi svarbréfi HS Veitna fylgdi afrit af bakfærslu Landsnets fyrir flutningi og kerfisþjónustu í janúar til og með júní 2016. Eins fylgdi meðfylgjandi uppgjöf yfir viðskipti HS Veitna hf. við ADC ehf. í samræmi við bakfærslu Landsnets.

*Svarbréf Landsnets ehf. dags. 2. mars 2020*

Með bréfi, dags. 18. febrúar 2020 óskaði Orkustofnun eftir sjónarmiðum Landsnets hf. vegna kvörtunar ADC ehf. og barst stofnuninni svar Landsnets hf., dags. 2. mars 2020.

Í erindinu lýsir Landsnet hf. því að afgreiðsla skilmála B9 dugði ekki til að koma á tengingu stórnotanda um dreifiveitu, en í 5.2. gr. skilmálans segir að dreifiveita skuli gera samning við Landsnet hf. um afhendingu raforku til stórnotanda sem fær raforku afhenta á lægri spennu en 132 kV. Segir Landsnet hf. að slíkur samningur hafi ekki verið gerður og því hafi slíkt viðskiptasamband ekki komist á og þar af leiðandi væru ekki forsendur til innheimtu á grundvelli þess að um flutning raforku til stórnotanda um dreifiveitu væri að ræða. Gjaldtaka Landsnets gagnvart HS Veitum hf. byggðist því eingöngu á gjaldskrá til dreifiveitna og hefur Landsnet hf. aldrei innheimt gjöld af dreifiveitum á grundvelli stórnotendagjaldskrár. Þá kemur fram að þær greiðslur sem áttu sér stað á árinu 2016 fyrir undirritun flutningssamnings Landsnets hf. og ADC ehf. hafi verið leiðréttar afturvirkir gagnvart HS Veitum hf. og ADC ehf. á grundvelli þess að ADC ehf. taldist tengt beint við flutningskerfið frá 1. janúar 2016 að mati Landsnets hf.

Í erindi sínu benti Landsnet hf. á, hvað varðar athugasemdir HS Veitna hf., að samanburður á gjaldskrá stórnotenda og dreifiveitna sé ónákvæmur og villandi. Þannig sé ekki tekið tillit til þess að gjaldskrá stórnotenda sæti 10% lækkun vegna endurgreiðslu oftekinna gjalda á grundvelli ákvæðis til bráðabirgða II við lög nr. 19/2011 um breytingu á raforkulögum. Þá geri samanburðurinn ráð fyrir 8.500 klukkustunda nýtingartíma dreifiveitu þegar nýtingartími dreifiveitna er mun lægri og flutningsgjaldskrá Landsnets uppbyggð í samræmi við það. Væri nýtingartími dreifiveitna 8.500 klukkustundir er ljóst að slíkt myndi endurspeglast í lækkun og breytingu á uppbyggingu gjaldskrár. Samanburðurinn sýni hversu illa almenn gjaldskrá fyrir dreifiveitu henti stórnotendum. Landsnet tekur þá fram að gjaldskrárnar byggji á afhendingu á mismunandi spennustigi. Gjaldskrá til dreifiveitna byggist á 66 kV, sbr. 2. mgr. 12. gr. a í raforkulögum. Gjaldskrá vegna stórnotenda miðist hins vegar við afhendingu á 132 kV eða 220 kV. Afhending til stórnotenda á lægri spennu kalli á niðurspenningu sem nánar er fjallað um í skilmála B9. Í 4. gr. netmálans sé kveðið á um að ofan á gjaldskrá fyrir stórnotendur bætist álag til endurgreiðslu á raunkostnaði við niðurspenningu úr 220 kV eða 132 kV í þá afhendingarspennu sem óskað er eftir. Þessi kostnaður endurspeglast ekki með sama hætti í gjaldskrá vegna stórnotenda og gjaldskrá vegna dreifiveitna.

Í erindi Landsnets hf. kemur jafnframt fram að regluverk raforkumála gerði ekki ráð fyrir því að stórnotandi geti fengið raforku afhenta frá flutningskerfinu í gegnum dreifiveitu. Til að unnt væri að verða við þessu þurfti að leysa úr ýmsum álitafnum þar sem dreifiveita var orðin milliliður í viðskiptum stórnotanda við Landsnet. Það var því ekki á valdi Landsnets að verða við kröfum ADC ehf. eða tilmælum HS Veitna hf. heldur bar fyrirtækinu einfaldlega að fara að þeim reglum eða eftir atvikum afla heimilda. Þá segir Landsnet að engar forsendur hafi verið til þess að veita HS Veitum hf. og/eða ADC ehf. einhverja sérstaka meðhöndlun þar sem niðurstaða úrskurðarnefndar raforkumála í kærumáli nr. 4/2018 hafi leitt til þess að raforkunotandi geti fyrst verið talinn viðskiptavinur Landsnets þegar samningur hefur verið gerður milli aðila og ekki sé hægt að miða við annað tímamark en það hvenær viðskiptavinur getur notið kjara samkvæmt stórnotendagjaldskrá. Þannig væri ljóst að engar forsendur voru til þess að veita HS Veitum og/eða ADC ehf. einhverja sérstaka meðhöndlun.

*Svarbréf Advel lögmanna dags. 9. september 2020*

Orkustofnun bauð ADVEL lögmönnum að koma á framfæri athugasemdum fyrir hönd ADC ehf. við þeim sjónarmiðum sem fram höfðu komið í erindum HS Veitna og Landsnets vegna kvörtunarinnar þann 19. júní 2020 auk annarra athugasemda sem ADC ehf. taldi nauðsynlegt að koma á framfæri við afgreiðslu málsins. Svar barst frá ADVEL lögmönnum 9. september 2020.

Í erindi ADVEL kemur fram sú afstaða ADC ehf. að það sé óumdeilt að HS Veitur gerðu engar breytingar á gjaldskrá fyrirtækisins eftir gildistöku netmála B9 í mars 2015, þar sem segir í gr. 5.4. að „stórnotandi greiði fyrir afhendingu rafmagns samkvæmt gjaldskrá viðkomandi dreifiveitu. Dreifiveita greiði fyrir greiði fyrir raforkuflutning vegna stórnotandans samkvæmt gjaldskrá Landsnets fyrir stórnotendur“. Þrátt fyrir gildistöku netmála B9 í mars 2015 innheimtu HS Veitur áfram óbreytt dreifingar- og flutningsgjöld af ADC ehf., allt fram í júní 2016 þegar ADC ehf. samdi við Landsnet um raforkuflutning. ADVEL lögmenn hafna þeirri afstöðu HS Veitna hf. að kvörtunin sé á misskilningi byggð þar sem HS Veitur hf. hafi ekki átt annarra kosta vól en að innheimta flutningsgjöld af ADC ehf. vegna þáverandi fyrirkomulags á gjaldtöku Landsnets hf. af HS Veitum hf.



Það er að mati ADVEL lögmannna með öllu ólíðandi að ADC ehf. verði látið líða fyrir ágreining HS Veitna og Landsnets hf. sem er fyrirtækinu með öllu óviðkomandi. ADC ehf. hafi verið í viðskiptasambandi við HS Veitur hf. allt fram til 1. júlí 2016 en ekki Landsnet. ADC ehf. hafi þannig mátt vænta þess að gjaldskrá HS Veitna hf. yrði breytt til samræmis við netmála B9 og gjald vegna raforkuflutnings samkvæmt stórnotendataxta. Er sérstaklega vikið að því að í athugasemdum Orkustofnunar til úrskurðarnefndar raforkumála í málinu nr. 4/2018 er raunar fullyrt að HS Veitur hafi gert viðeigandi breytingar á gjaldskrá sinni.

### **Forsendur og niðurstaða**

Orkustofnun hefur eftirlit með því að gjaldskrá flutningsfyrirtækis sé í samræmi við ákvæði raforkulaga og reglna og reglugerðar sem settar eru á grundvelli þeirra. Þetta eftirlit Orkustofnunar byggir á ákvæðum 9. mgr. 12. gr. a raforkulaga nr. 65/2003 sem og 24. gr. og 26. gr. raforkulaga nr. 65/2003 (raforkulög). Þá varðar málið einnig ákvæði netmála B9 en netmálinn var settur á grundvelli 6. mgr. 9. gr. raforkulaga og hefur Orkustofnun eftirlit með því að þeim skilmálum sem þar koma fram sé fylgt sbr. framangreindar heimildir í raforkulögum og ákvæði netmála B9.

Tekjur Landsnets koma frá viðskiptavinum fyrirtækisins, en þeir eru skilgreindir í 2. mgr. 8. gr. raforkulaga: *Viðskiptavinir flutningsfyrirtækisins skulu vera dreifiveitur, stórnotendur, virkjanir og þeir aðilar sem hafa leyfi samkvæmt lögum þessum til að stunda viðskipti með raforku.* Þar að auki eru dreifiveitur og stórnotendur skilgreindir sérstaklega í 3. gr. laganna. Gjaldskrá Landsnets er þannig uppbyggð að stærstur hluti tekna fyrirtækisins kemur frá stórnotendum og dreifiveitum. Til þess að geta talist stórnotandi samkvæmt raforkulögum og eiga rétt á því greiða samkvæmt stórnotendagjaldskrá Landsnets þarf aðili að uppfylla skilyrði 17. tölul. 3. gr. raforkulaga en þar kemur fram að stórnotandi er notandi sem notar innan þriggja ára á einum stað a.m.k. 80 GWst á ári.

Í 1. mgr. 12. gr. a. raforkulaga kemur fram að flutningsfyrirtækið skuli setja gjaldskrá vegna þjónustu sinnar í samræmi við tekjumörk fyrirtækisins og skal sú gjaldskrá gilda annars vegar fyrir úttekt dreifiveitna frá flutningskerfi og hinsvegar fyrir úttekt stórnotenda sem ákvörðuð er í bandaríkjadölum. Flutningsfyrirtækinu er skylt að haga verðlagningu til notanda sem tengdur er beint við dreifiveitu í samræmi við 12. gr. a raforkulaga og 15. gr. reglugerðar nr. 1040/2005. Á sama hátt er dreifiveitu skylt í samræmi við 17. gr. a raforkulaga að haga verðlagningu viðskipta vina sinna í samræmi við tekjumörk dreifiveitna skv. 17. gr. og 25. gr. reglugerðar nr. 1040/2005. Fyrir notanda sem er tengdur beint við dreifiveitu og er í samningssambandi við dreifiveitu gildir gjaldskrá fyrir dreifiveitur um gjalddöku flutningsfyrirtækisins. Þá kemur fram í 8. mgr. 9. gr. raforkulaga að flutningsfyrirtæki skuli gæta jafnræðis við starfrækslu sína og á það einnig við um dreifiveitu sbr. 7. tl. 3. mgr. 16. gr. raforkulaga.

Árið 2015 var netmála B9 breytt. Breytingin fól það í sér að nýjum kafla 5 var bætt við netmálann. Kafla 5 var ætlað að taka á því þegar skilgreindir stórnotendur sbr. 17. tölul. 3. gr. raforkulaga tengjast og fá afhenta raforku í gegnum dreifiveitu. Með þessar breytingu áttu stórnotendur sem tengjast dreifiveitu að geta fengið sambærileg kjör og ef um tengingu beint við flutningskerfið væri að ræða. Í grein 5.4 í netmála B9 kemur fram að „*stórnotandi greiðir fyrir raforkuflutning vegna stórnotandans samkvæmt gjaldskrá viðkomandi dreifiveitu. Dreifiveita greiðir fyrir raforkuflutning vegna stórnotandans samkvæmt gjaldskrá Landsnets fyrir stórnotendur.*“ Með þessu fyrirkomulagi er gert ráð fyrir því að

Landsnet setji stórnotendagjaldskrá til handa dreifiveitu vegna stórnotandans. Á sama tíma er gert ráð fyrir því að að dreifiveita setji gjaldskrá fyrir stórnotendur og innheimti samkvæmt þeirri gjaldskrá.

Í ákvörðun Orkustofnunar frá 9. október 2015 komst stofnunin að því að grein 5.4. í netmála B9 feli ekki í sér ótvíræða heimild fyrir Landsnet til þess að setja ákvæði í gjaldskrá sína um að dreifiveita þurfi að greiða afhendingargjald vegna stórnotanda sem tengdir eru um dreifiveitu óháð því hvort slíkt afhendingargjald hafi þegar verið greitt vegna annarra notenda, án þess að sýnt hafi verið fram á að tenging stórnotanda feli í sér aukinn tilkostnað af hálfu Landsnets. Þá taldi stofnunin að netmáli B9 fæli það ekki í sér að Landsneti væri heimilt að fella niður afslátt af afl- og orkugjaldi vegna stórnotanda sem tengdur er um dreifiveitu án þess að málefnalegar ástæður lægju því til grundvallar að afslátturinn sé eingöngu veittur vegna rafmagns sem dreift er til almennra notenda. Niðurstaða stofnunarinnar var jafnframt sú að ákvæði 4.3. og 7.1 í gjaldskrá Landsnets nr. 19 frá 1. ágúst 2015 brutu í bága við 8. mgr. 9. gr. og 10. mgr. 12. gr. a raforkulaga að því er varðar stórnotendur sem tengdir eru um dreifiveitur.

Af þessum sökum var gert ráð fyrir því að gjaldskrá dreifiveitna fyrir stórnotendur í samræmi við ákvæði í netmála B9 tæki mið af þessari afstöðu Orkustofnunar, sem og að Landsnet myndi una niðurstöðu Orkustofnunar frá 9. október 2015 og setja gjaldskrá fyrir dreifiveitu vegna stórnotandans. Það virðist hins vegar ekki vera raunin og kemur það reyndar fram í svarbréfi Landsnets að enginn samningur hafi verið gerður um afhendingu raforku til dreifiveitunnar vegna stórnotandans, þ.e. kvartanda. Landsnet virðist þannig hunska ákvörðun Orkustofnunar sem tekin var 9. október 2015. Að mati Landsnets skapaði þetta fyrirkomulag ójafnræði milli viðskiptavina sem tengdir eru beint við flutningskerfið og viðskiptavina sem tengdir eru í gegnum dreifiveitu. Þannig hafi það ekki verið rétt að HS Veitur hf. nyti þeirra kjara að þurfa ekki að greiða flutningsfyrirtækinu afhendingargjald á sama tíma og allir stórnotendur sem eru viðskiptavinir Landsnets greiða afhendingargjald. Af gögnum málsins má ráða að Landsnet hafi verið ósammála úrskurði Orkustofnunar frá 9. október 2015 og raunar talið að gr. 5.4 í netmála B9 hafi í ljósi hans brotið í bága við jafnræðisreglu sbr. 8. mgr. 9. gr. raforkulaga.

Jafnræðisreglan felur það í sér að aðilar í sambærilegri stöðu eigi að njóta sambærilegra réttinda og að óheimilt sé að mismuna þeim á grundvelli ómálefnaegra sjónarmiða. Að mati Orkustofnunar er ekki hægt að líta svo á að stórnotendur sem tengjast Landsneti beint og stórnotendur sem tengjast dreifiveitum séu í sambærilegri stöðu gagnvart Landsneti þegar kemur að gjaldtöku. Stórnotendur sem tengjast dreifiveitum greiða fyrir raforkuafhendingu samkvæmt gjaldskrá sem dreifiveitan setur og eru viðskiptavinir hennar, þrátt fyrir að dreifiveitan greiði fyrir raforkuflutning vegna notkun stórnotandans samkvæmt gjaldskrá Landsnets fyrir stórnotendur.

Ljóst er að Landsneti bar skylda til að gera samning við HS veitur ehf. um afhendingu raforku til stórnotanda sem fær raforku afhenta á lægri spennu en 132 kV sbr. Í grein 5.2. í netmála B9 kemur fram: „Dreifiveita skal gera samning við Landsnet um afhendingu raforku til stórnotanda sem fær raforku afhenta á lægri spennu en 132 kV. Komi til fjárfestinga í flutningskerfinu vegna afhendingar raforku til stórnotanda um dreifiveitu gilda ákvæði um kaupskyldu og greiðslu viðbótarkostnaðar í gr. 4.5. í skilmálum B.4 um afhendingu rafmagns til stórnotenda“.

Af gögnum málsins má vera ljóst að Landsnet hf. og HS Veitur hf. gengu ekki til til samninga í samræmi við grein 5.2 í netmála B9. Á tímabilinu sem umræðir greiddu HS Veitur hf. Landsneti hf. samkvæmt gjaldskrá fyrir dreifiveitur. HS Veitur gátu af þessum sökum ekki boðið ADC ehf. hagstæðari kjör á grundvelli netmála B9 á tímabilinu sem umræðir.



Það er mat Orkustofnunar að Landsneti hf. þar á grundvelli ákvæðis 5.2 í netmála B9 að ganga til samninga við dreifiveitu um afhendingu raforku til stórnotanda sem fær raforku afhenta á lægri spennu en 132 kV í samræmi við netmála B9 eftir breytinguna sem tók gildi 1. mars 2015. Þá virðist Landsnet hafa verið ósátt ákvörðun Orkustofnunar frá 9. október 2015 um túlkun netmálans. Þrátt fyrir það fór Landsnet hvorki fram á það að netmála B9 yrði breytt né kærði umrædda ákvörðun Orkustofnunar. Sú staðreynd hefur haft áhrif á samningsstöðu HS Veitna og þar af leiðandi ADC ehf. Í ljósi þeirrar stöðu var við samningagerð ADC ehf. og HS Veitna notast við skilmála HS Veitna og þá gjaldskrá sem fyrirtækið gat boðið upp á þeim tíma sem samningar voru undirritaðir á meðan Landsnet gekkst ekki við skyldunni til samningsgerðar í samræmi við ákvæði netmálans.

Það er einnig mat Orkustofnunar það sé ekki tryggt með raforkulögum eða reglugerðum settum með stoð í þeim að dreifiveitum beri skylda til að tryggja að fyrirtæki sem eru þeirra viðskiptavinir fái notið sömu kjara sem stórnotendur fá sem tengdir eru Landsneti beint. Enda er skýrt kveðið á um það í netmála B9 að stórnotandi greiði fyrir afhendingu rafmagns samkvæmt gjaldskrá viðkomandi dreifiveitu. Netmáli B9 segir hins vegar að dreifiveitan setji gjaldskrá sjálf sem hún innheimtir fyrir og er þar af leiðandi ekki tryggt að hún sé sú sama og stórnotendagjaldskrá, þó vissulega hafi setning netmála B9 átt að miða að því að dreifiveita gæti boðið betri kjör í samræmi við þau kjör sem hún fær hjá Landsneti vegna stórnotandans. Dreifiveita hefur forræði á sínum gjaldskrám í samræmi við tekjumörk dreifiveitunnar og ákveður þau kjör sem hún telur sig geta boðið upp á í samræmi við notkun viðskiptavina og þær fjárfestingar sem dreifiveitan þarf að ráðast í vegna tengingarinnar sbr. 25. gr. reglugerðar 1040/2005.

Því getur Orkustofnun ekki fallist á það með kæranda að endurgjald HS Veitna vegna dreifingar og flutnings orku til gagnavers ADChf. frá samningsgerð aðila árið 2014 samræmist ekki þeim kröfum sem gerðar eru til gjaldskráa dreifiveitna samkvæmt raforkulögum nr. 65/2003.

Er varðar gjaldtöku vegna jöfnunargjalds með tilvísun í 2. mgr. 3. gr. laga um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku nr. 98/2004, er það mat Orkustofnunar að dreifiveitu beri að greiða jöfnunargjald af allri orku sem móttækin er frá flutningsfyrirtækinu. Þá gildir einu hvort dreifiveitan greiðir Landsneti fyrir flutning samkvæmt stórnotendagjaldskrá í samræmi við netmála B9 eða ekki.

Það er ekki hlutverk né á ábyrgð Orkustofnunar að meta hvort HS Veitur hf. hafi ekki uppfyllt skilyrði samnings milli ADC ehf. og HS Veitna með því að hafa ekki leitað atbeina Orkustofnunar til þess knýja fram samninga milli Landsnets og HS Veitna, vegna stórnotanda sem tengdir eru í gegnum dreifiveitu, til fullnustu úrskurðar Orkustofnunar frá 1. október 2015.

Einnig fer kvartandi fram á að Orkustofnun taki til skoðunar gjaldtöku Landsnets fyrir flutning á orku til afhendingar til kvartanda og úrbóta krafist þannig að HS Veitur geti endurgreitt kvartanda oftekin gjöld.

Orkustofnun sinnir opinberu eftirliti með raforkulögum en leysir ekki úr einkaréttarlegum ágreiningi um forsendur samninga í viðskiptum milli lögaðila. Telji kvartandi sig hafa orðið fyrir fjárhagslegu tjóni vegna brots á ákvæðum raforkulaga getur viðkomandi ekki leitað til Orkustofnunar með kröfu um skaðabætur, heldur verður hann að leita til dómstóla með slíka kröfu.

## Ákvörðunarorð

Með vísan til þess sem að framan hefur verið rakið er það niðurstaða Orkustofnunar að með þessari háttsemi sinni hafi Landsnet brotið gegn ákvæðum netmála B9 sem settur er á grundvelli 6. mgr. 9. gr. raforkulaga og þeim skilmálum sem þar eru settir fyrir flutningi raforku til stórnotenda sem tengdir eru í gegnum dreifiveitu.

Það er jafnframt mat Orkustofnunar að HS Veitur hafi ekki brotið gegn raforkulögum með kröfum sínum um gjald vegna dreifingar á tímabilinu.

Stjórnvaldsákvörðanir sem teknar eru af Orkustofnun á grundvelli raforkulaga og varða gjaldskrá eða starfsemi flutningsfyrirtækis eða dreifiveitna sæta kæru til úrskurðarnefndar raforkumála sbr. 1. mgr. 30. gr. raforkulaga nr. 65/2003. Kæra til nefndarinnar skal vera skrifleg og skal hún borin fram innan 30 daga frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðun.

Virðingarfyllst,  
f.h. orkumálastjóra

  
Hanna Björg Konráðsdóttir

  
Silja Rán Sigurðardóttir

*Afrit sent til: ADVEL lögmanns slf., HS Veitna hf.*